

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 844/2001 um
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.**

1. gr.

Fjórða grein breytist og verður svohljóðandi:

Háskólaráð skipar stofnuninni fimm manna stjórn, og jafnmarga til vara. Gætt skal að ákjósanlegum tengslum við fræðasvið og aðra starfsemi háskólans. Stjórnin er skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér verkum.

2. gr.

Við 6. gr. um verkefni stjórnar bætist eftirfarandi:

Stjórn er heimilt að setja á fót fagráð innan stofnunarinnar, með fulltrúum frá aðildarfélögum háskólanna og fleiri samþökum. Um verkefni og skipan fagráðs gilda starfsreglur sem settar eru af stjórn stofnunarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „stjórn“ í 3. mgr. 1. gr. kemur: fagráð.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 5. mars 2009.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2009